



Sjálfsmatsskýrsla vor 2024

Unnið út frá innra mati skólaárið 2023 – 2024



Inngangur

Innra mat er fagleg ígrundun, gagnasöfnun og greining á gögnum um skólastarfið í þeim tilgangi að leggja mat á hversu vel hefur tekist að ná þeim markmiðum sem skólastarf byggir á samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og námskrá skólans.

Megin spurningar í innra mati eru; Hversu vel stöndum við okkur, Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta? Markmiðið með innra mati er að bæta nám nemenda, verða sterkari skóli, efla fagmennsku kennara og bæta námsárangur nemenda.

Fellaskóli er grunnskóli fyrir börn í 1. – 10. bekk. Hann er einn af fimm grunnskólum í sameinuðu sveitafélagi Múlaþingi sem saman stendur af Borgarfirði eystra, Djúpavogi, Egilsstöðum, Fellabæ, Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði. Grunnskólinn á Borgarfirði eystra er rekinn sem deild undir Fellaskóla og nemendur þar stunda nám í Fellaskóla einn dag í viku. Fellaskóli starfar samkvæmt lögum um grunnskóla 91/2008.

Frá skólaárinu 2019 – 2020 starfa kennarar og annað starfsfólk skólans í teymum. Þannig er stundatafla hvers teymis fyrir sig samfelld og eins þannig að auðvelt er að blanda upp hópum þvert á árganga innan hvers teymis. Í hverju teymi starfa umsjónarkennarar og þeir sem koma að nemendum s.s. sérkennarar, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúar.

Kennslan í skólanum tekur mið af viðmiðunarstundaskrá en mismunandi áherslur eru á stigunum. Séráherslur skólans eru útinám og útikennsla á yngsta – og miðstigi. Einnig samþætting bóklegra greina við list- og verkgreinar. Á miðstigi er lögð áhersla á að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda og til að styðja við það fer námið fram í ákveðnum lotum þar sem nemendur geta ákveðið sjálfir hvaða námsgrein þeir leggja áherslu á hverju sinni í lotunum, útfærslum á verkefnum sínum og fl. Á yngsta stigi er lögð áhersla á sjálfstæð og ábyrg vinnubrögð þar sem nemendur hafa val um hvað þeir vinna með, hvernig þeir skila vinnunni og í hverju þeir grúska í ákveðnum tímum.

Skólaárið 2023– 2024 voru 87 nemendur í Fellaskóla og kynjahlutfall mjög jafnt. Það voru 27 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum.

Á Borgarfirði eystra voru fjórir nemendur og þrjú kennarar. Fjóra daga vikunnar sækja þau námið í grunnskólanum á Borgarfirði og einn dag í viku koma nemendur í Fellaskóla.

Anna Birna Einarsdóttir tók saman vor 2024.

Í þessari skýrslu verður sagt frá söfnun gagna og helstu niðurstöðum innra mats út frá viðmiðunartöflu um innra mat skólans árið 2023 – 2024.

Innra mat

Matsþættir	Viðmið	Hvenær metið	Gagnaöflun	Matsaðilar	
------------	--------	--------------	------------	------------	--

Starfsáætlun – skipulag, verkferlar, stoðþjónusta og stjórnun

Skipulag	Að umgjörð um skólastarfið sé skýr, aðgengileg og samkvæmt fyrirbyggjandi reglum	Á hausti verður farið yfir skipulag skólans á fyrirbyggjandi skólaári á starfsmannafundi.	Fyrirliggjandi starfsáætlun sem unnin var vorið 2023.	Allt starfsfólk, fjölskylduráð Múlapings og fræðslustjóri.	Farið var yfir starfsáætlun á starfsmannafundi 15. ágúst 2023 og umgjörðin rædd, varðandi helstu viðburðir, uppbrotsdagar og áherslur skólans á komandi ári. Ekki var búið að kjósa í skólaráð og nemendaráð svo skýrslan fór seint inn á heimasíðu.
Verkferlar	Að verkferlar séu skilmerkilega útfærðir í starfsáætlun og skólanámskrá og allir séu meðvitaðir um þá.	Allt skólaárið eru verkferlar metnir og betrubættir ef þurfa þykir.	Reynsla og samtöl á stigum og kennarafundum.	Kennarar og stjórnendur skólans.	Verkferlar voru ræddir á starfsmannafundi og tilraun gerð til að skerpa á verkaskiptingu innan skólans. Hverju beri ábyrgð á hverju en umgjörð skólans er nokkuð skýr og ákveðið

					að hafa matartíma nemenda á mismunandi tímum áfram.
Stoðþjónusta	Að þjónustan sé vel útfærð og kynnt og aðgengileg öllum sem á henni þurfa að halda.	Allt skólaárið í samþættingu við innleiðingu á farsældarlögum og tengilið farsældar í skólanum.	Umræður á teymisfundum og kennarafundum og ábendingar frá foreldrum.	Stjórnendur, kennarar, nemendur, foreldrar.	Stoðþjónustan fer í örlítið annan farveg á þessu ári þar sem innleiðing farsældarlaga á sér stað. Foreldrar og starfsfólk skólans hefur fengið kynningu á farsældarlögum og innleiðingu farsældar í sveitafélaginu. Skólinn hefur sent kynningarefni og upplýsingar um tengilið og starfsvið hans í skólanum, sveitafélagið hefur sent kynningarbréf og fl. Misjafnar skoðanir meðal starfsmanna og foreldra á útfærslu stoðþjónustu og aðkomu ALL teymis. Þurfum að vinna með það á næsta skólaári.
Stjórnun	Að almenn ánægja ríki með stjórnun skólans. Að starfsfólk finni fyrir faglegum stuðningi	Vorönn.	Nafnlaus könnun meðal kennara á afmörkuðum faglegum þáttum í	Stjórnendur, matsteymi.	Í könnun meðal starfsmanna kemur fram almenn ánægja með störf skólastjóra. Kennarar telja hann faglega

	stjórnenda í daglegu starfi og geti ávalt leitað til stjórnenda um fagleg málefni.		stjórnun skólans. Starfsmannasamtöl. Skólapúlsinn.		sterkan og finna fyrir stuðningi frá honum. Gagnrýni kom fram á upplýsingaflæði til allra á praktískum hlutum og það þarf að bæta.
--	--	--	--	--	--

Nám og námsárangur

Inntak náms, árangur og framfarir.	Framfarir nemenda út frá þeirra forsendum.	Allt skólaárið, formlegt og óformlegt. Með könnunum og í daglegu skólastarfi.	Skólapúls. Orðarún 2x á ári, Lesfimi 3x á ári. Logos eftir atvikum, leiðsagnarmat og lotupróf og skil á unglíngastígum.	Skólapúlsinn. Umsjónarkennarar og sérkennarar.	Samkvæmt niðurstöðum skólapúls haust 2023 þar sem mæld var ánægja nemenda af lestri í 2. – 5. bekk er minnkandi áhugi og áberandi minni í ákveðnum árgöngum en öðrum. Ánægja nemenda í Fellaskóla er í heildina 0,4 undir landsmeðaltali. Niðurstöður af lesfímkönnunum í maí 2024 sýna að hátt hlutfall nemenda er undir viðmiðum um árangur Fellaskóla og ástæða til að hafa áhyggjur af 3. bekk, 2., 7. og 4. bekk. Heilt yfir sýna niðurstöður
---	--	---	---	--	--

					<p>í maí betri árangur en í janúar á sama ári.</p> <p>Að mati kennara eru of margir nemendur sem finna ekki hjá sér þörf fyrir að axla ábyrgð á eigin námi. Við þurfum að finna leiðir til að efla áhugahvöt nemenda og ábyrgð. Ástæða til að auka val nemenda í námsframboði.</p>
<p>Skipulag náms og námsumhverfi.</p>	<p>Að námsumhverfi nemenda sé við hæfi.</p>	<p>Allt skólaárið, formlegt og óformlegt.</p>	<p>Skólapúls, nemendakannanir, teymisfundir, vettvangsathuganir.</p>	<p>Skólapúls, stjórnendur, kennarar, nemendur, foreldrar.</p>	<p>Samkvæmt skólapúlsi haust 2023 er minni ánægja nemenda með skólann en á mælingar á landsvísu sýna eða -0.9 undir meðaltali. Misjafnt á milli árganga. Meiri óánægja hjá eldri nemendum.</p> <p>Að mati kennara eru of margir nemendur sem finna ekki hjá sér þörf fyrir að axla ábyrgð á eigin námi. Við þurfum að finna leiðir til að efla áhugahvöt nemenda</p>

					<p>og ábyrgð. Ástæða til að auka val nemenda í námsframboði.</p> <p>Skipuleggja námið og námsumhverfið í auknu máli út frá áhugahvöt nemenda og einnig með þeim hætti að þeir hafi tækifæri til að axla meiri ábyrgð.</p>
<p>Kennsluhættir og gæði kennslu.</p>	<p>Að nemendur séu virkir í eigin námi – þekki styrkleika sína.</p>	<p>Allt skólaárið.</p>	<p>Vettvangsathuganir, teymisfundir, nemendakannanir, skólapúls.</p>	<p>Stjórnendur, kennarar, nemendur, foreldrar.</p>	<p>Samkvæmt skólapúlsi er vellíðan nemenda í Fellaskóla minni en á landsvísu eða-0,4. Okkar upplifun eftir samtöl og bekkjarfundi við nemendur er að almennt líði nemendum vel í skólanum sínum. Þeir leggja áherslu á að viðhalda hefðum sem hafa verið í skólanum. Með innleiðingarferlinu í leiðsagnarnámi taka kennara út kennsluhætti og aðferðir með reglulegum samtölum og rýnifundum í teyrum og á kennarafundum.</p>

<p>Námshættir og námsvitund.</p>	<p>Að nemendur þekki eigin styrkleika og árangursríkar leiðir fyrir þá í náminu.</p>	<p>Haust, miðvetur og vor.</p>	<p>Nemendakannanir, skólapúlsin, foreldrakönnun, bekkjarfundir, samtöl við nemendur.</p>	<p>Skólapúlsinn</p>	<p>I lotuskipulagi er námið skipulagt með þeim hætti að nemendur geti valið sér aðferðir og leiðir sem efla hjá þeim námsvitund. Höldum áfram að þróa það en samkvæmt samtölum á bekkjafundum er almenn ánægja með slíkt skipulag hjá nemendum. Í foreldraviðtölum hafa foreldrar lýst yfir ánægju með lotuskipulag og góðar upplýsingar um það heim.</p>
<p>Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda.</p>	<p>Að nemendur séu þátttakendur í ákvarðanatöku um skólastarf og að þeir finni að skoðanir þeirra skipti máli. Að nemendur axli ábyrgð í eigin námi.</p>	<p>Haust og vor.</p>	<p>Nemendakannanir, skólapúls, foreldrakönnun, bekkjarfundir, samtöl við nemendur.</p>	<p>Skólaráð, skólapúls, nemendafundir, nemendaráð.</p>	<p>Með skipulagi á yngsta stigi í vetur var námið skipulagt í lotum, nemendur fengu val um hvað þeir væri að vinna með innan ákveðins ramma, þeir voru í litlum námshópum og lengd á vinnulotum var skipulögð út frá meirihlutavali nemenda. Nemendur höfðu þannig mikið val um hvað þeir unnu með hverju sinni, námsmat var í auknu mæli jafningjamat og sjálfsmat. Í lotuskipulagi var unnið jöfnum höndum með</p>

					<p>leiðarstef skólans, haga hönd, bókvit og hjartað sanna og góða – siðvit – bókvit – verkvit og markvisst unnið að því að gera nemendur meðvituð um þetta.</p> <p>Á mið- og unglíngastigi er námið skipt upp í lotur þar sem námsgreinar eru samþættar og nemendur hafa val um útfærslur og áherslur inni í lotuskipulaginu. Þannig teljum við okkur vera að styðja við sjálfstæði í vinnubrögðum og áhuga.</p>

Áherslur skólans - þróunarverkefni

Leiðsagnarnám.	Að unnið sé samkvæmt áherslum leiðsagnarnáms og það sé sýnilegt í skipulagi náms og námsmats á öllum skólastigum.	Með jöfnu millibili allt skólaárið.	Kennarar, stjórnendur og leiðtogar í innleiðingu leiðsagnarnáms	Kennurum ber saman um að lotur og námið almennt sé skipulagt út frá áherslum leiðsagnarnáms þar sem nemendur hafa aukið val um leiðir í eigin námi, þar
-----------------------	---	-------------------------------------	---	---

				<p>sem leitast er við að byggja á áhugahvöt, þar sem allir eru að bæta eigin frammistöðu út frá einstaklingsmiðuðum markmiðum byggð á könnunum/ prófum/ verkefnavinnu.</p> <p>Nemendum sköpuð tækifæri til að uppgötva eigin styrkleika. Kennarar telja sig hafa tileinkað sér kennsluhætti leiðsagnarnáms og finnst þeir passa vel þeirri hugmyndafræði sem ríkt hefur í skólanu,.</p> <p>Mættum bæta tækifæri nemenda til að vinna með fjölbreyttum hætti, meira verklegt, munnlegt og skapandi á eldri stigum. Höldum áfram að rýna í vinnubrögðin okkar með leiðsagnarnámsglærum</p>
--	--	--	--	--

				og rýnihópur þarf að rýna meira í námsskipulag í skólanum.
Útinám	Að útnám sé hluti af fjölbreyttu skólastarfi og leiði af sér skapandi hugsun, umhverfisvitund, sjálfbærnihugsun, þekkingu á náttúrunni og grendarsamfélaginu. Efla þrautseigju, kjark og kraft til að aðlaga sig útiveru í íslensku veðurfari.	Vor	Teymisvinna og rýnihópur	<p>Útinám á yngsta stigi er allt árið um kring í öllum veðrum í hverri viku og þar liggja námsmarkmið í öllum námsgreinum undir. T. D unnið með mælingar og útreikninga með verklegum vinnubrögðum og efnivið í útinámi.</p> <p>Á miðstigi er útinámi skipt upp í útinám og útikennslu og munurinn liggur í að kennd er ákveðin færni s.s. mælingar, náttúrufræði og fl. Í útikennslu en í útinámi sitja nemendur og kennarar og tálga og ræða ýmis málefni sem mikilvæg eru s.s.</p>

				<p>samskipti, lestur, dægurmál og fl.</p> <p>Á unglingsstigi var útinám ekki með markvissum hætti allt árið heldur lögð áhersla á það í viku að hausti og vori þar sem nemendur fóru í Náttúruskólann – fjallgöngur, vettvangsferðir að ýmsum toga og fl. Önnur skólastig gerðu þetta líka því skólaárið byrjar hjá öllum á útinámi fyrstu og síðustu vikur skólaársins. Viljum auka útinám á næsta skólaári og koma því í markvissan farveg – einnig setja það inn sem námsgrein á unglingsstigi þar sem unnið er með svipuðum hætti og á yngsta- og miðstigi allar vikur ársins.</p>
--	--	--	--	--

<p>Jákvæður agi</p>	<p>Að aðferðir jákvæðs aga séu sýnilegar í viðmóti starfsfólks og vinnulagi skólans</p>	<p>Vor</p>	<p>Teymisfundir, rýnihópar.</p>	<p>Við fengum námskeið að hausti þar sem farið var yfir áherslur í jákvæðum aga. Allir árgangar hafa samið bekkjarreglur. Unnið hefur verið með áhrifin sem neikvæð orð geta haft á okkur og starfsmenn bjuggu til starfsmannareglur, rýndu í menningu skólans, styrkleika og veikleika og settu sér samskiptareglur.</p> <p>Námskeið voru sótt á netinu á vegum félags um jákvæðan aga.</p> <p>Öll sammála um að við þurfum meira utan um hald til að ná að innleiða þetta af fullum þunga – höfum tekið mörg skref en ekki öll.</p>
<p>Teymisvinna</p>	<p>Að það sé traust og virðing innan teymisins. Að raddi allra hafi sama</p>	<p>Að vori í starfsmannasamtölum.</p>	<p>Teymisvinna, starfsmannasamtöl.</p>	<p>Almenn ánægja með faglega vinnu og árangur af henni í teymisvinnu.</p>

	<p>vægi. Að samstarfið skili sé í betra námsframboði og skipulagi fyrir alla. Að kennarar upplifi faglegan stuðning af því að starfa í teymi.</p>			<p>Nokkur óánægja með álag og tíma sem fer í teymisvinnu og óánægja með miklar áherslur á að blanda upp nemendahópum. Það þykir skapa óróleika og óöryggi hjá mörgum nemendum. Vangaveltur um hvort mikið og flókið skipulag valdi of litlum tíma til að sinna og efla lestur og lestrarumhverfi? Óskað eftir að draga úr teymisvinnu og einfalda hana á yngsta stigi.</p>
--	---	--	--	--